

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Fjarðarheiðargöng, 127. mál.

Þróunarfélag Austurlands leggur áherslu á mikilvægi Fjarðarheiðargangna fyrir Austurlandsfjórðung með tilliti til þess að gera svæðið að öflugra atvinnusvæði. Mikill samgangur er á milli Seyðisfjarðarkaupsstaðar og nálægra byggðakjarna og Fjarðarheiði hefur á stundum reynst faratálmi ef veður verða válynd.

Með tilkomu gangna undir Fjarðarheiði, myndi öryggi þeirra sem sækja vinnu á milli byggðakjarna á Austurlandi aukast til muna, greiðari samgöngur myndu efla enn frekar ferðaþjónustu á svæðinu ásamt því að tryggt er að þær vörur sem framleiddar eru á Seyðisfirði kæmust örugglega til skila og þyrftu ekki að búa við þá óvissu sem skapast þegar Fjarðarheiði verður illfær. Eins myndu göng undir Fjarðarheiði tryggja betur flutning þeirra sem nýta sér þjónustu fraktsiglinga Norrænu.

Hafliði H. Hafliðason, framkvæmdastjóri Þróunarfélags Austurlands